

Nothæfir skákskúlptúrar

■ Sýning á skákborðum eftir nokkra kunnustu myndlistarmenn samtímans verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardag ■ Hver listamaður nálgast verkefnið á einstakan hátt ■ Ekkert sparað við gerð verkanna

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is


ÓHÆTT er að segja að þau séu óvenjuleg skákborðin á sýningunni *Skáklist*, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Þar eru sýnd á annan tug skákborða eftir marga kunnustu myndlistarmenn samtímans. Eina krafan, sem gerð var til þeirra, var sú að það ætti að vera hægt að tefla með skákmönnum á borðinu. Þegar ég leyfði mér að efast um það, þegar ég skoðaði verkin með sýningarstjóranum Juliu Royse, að hægt væri að nota skákmennt Pauls McCarthy af einhverju viti (einn hrókur er tómatsúflaska, annar stytta sem götöttur sokkur hefur verið dreginn yfir) sagði hún að það væri ekki satt. Þegar sýningin var sett upp í Moskvu kom Garry Kasparov á opnunina og sagðist ánægðastur með þetta taflborð – og það væri vel hægt að nota það.

Lyfjaglós og börn sem taflmenn

Eitt skákborðið gerði Damien Hirst, listamaðurinn sem seldi eigin verk á uppboði í september fyrir 17 milljarða króna. Hans taflmenn eru glærar og silfraðar eftirsteypur lyfjaglasa. Rachel Whiteread óðlaðist heimsfrægð með verkinu House, þar sem hún fyllti hús af gífsi og fjarlægði síðan veggina. Hún safnar dúkkuhúsum og notar nákvæmar eftirmyndir húsbúnaðar úr þeim í taflsettið. Einhverjir alræmdustu listamenn samtímans eru bræðurnir Jake og Dinos Chapman; eitt kunnasta verk þeirra er eftirmynd barna sem hafa sperrtan lim í stað nefs – það verk hefur verið bannað börnum. Taflmenn þeirra eru slík börn, þeir dökku með raunverulegt hár af afrískum Bandaríkjamönnum en þeir hvítu með hár af Evrópu-búum. Barbara Kruger skapaði borð þar sem raddir bera fram spurningar og frasa þegar taflmenn eru færðir, Gavin Turk birtist á myndbandi, þar sem hann hreyfir riddara eftir sínu skákborði, og fyrrnefndur Paul McCarthy sagði sundur viðinn af eldhúsgólfinu hjá sér – og innréttunguna einnig – og notað efnið í skákborðið. Verkin eru gerð í upplagi, hvert er til í sjö eintökum og þau eru öll til sölu.



Nýjasta taflborðið Alastair Mackie og Julia Royse setja upp nýtt borð Mackie með skordýrum sem eru steypit í resin.



Gljáfgætt Í verki ofurstjórinnar Damien Hirst, Mental Escapology, eru taflmennirnir eftirsteypur lyfjaglasa úr gleri og silfri. Öll verkin eru í sjö eintökum og til sölu.

Listamenn tefla

Eins og frægt er ákvað einn kunnasti myndlistarmaður síðustu aldar, Marcel Duchamp, að segja nær alveg skilið við listina og tefla þess í stað. Hann tefldi til að mynda opinberlega fyrir Frakkland – og er einn margra myndlistarmanna sem hafa skapað verk út frá skákinni. Í frægri sýningu sem Julian Levy setti saman árið 1944 sköpuðu Max Ernst, Alexander Calder, Duchamp, Man Ray og fleiri verk út frá skák – og notuðu tækifærið til að tefla hver við annan. Sú sýning var kveikjan að þeirri sem sett er upp hér nú.

Verkin á sýningunni hafa verið sköpuð í samvinnu við fyrirtækið RS&A, sem kom með hugmyndina til listamannanna og vann að útfærslunni með þeim. Sýningarstjórnin, Julia Royse, sem í átta ár var í forsvari fyrir hið kunna White Cube gallerí í London, er einn eigendanna. „Við vinnum með listamönnum að sérstökum verkefnum, eins og því sem birtist hér,“ segir hún. „Við höfum öll góð sambönd við bestu myndlistarmennina í dag. Þetta var okkar



Borð Chapmanbræðra Taflmenn þeirra Jake og Dinos Chapman bera svipmót af einu þeirra kunnasta verki. Merki bræðranna er lagt í hvern reit.

fyrsta verkefni og okkur langaði að endurtaka frægt verkefni frá fyrri tíð, en árið 1944 fékk Julian Levy, galleristi í New York, suma þekktustu listamenn þess tíma til að hanna skákborð.“

Byrjað var með verkum eftir fimm samtímalistamenn og var sýning á verkunum sett upp í Somerset House í London árið 2003. Þar voru einnig verk sem voru á sýningunni árið 1944, auk skákborða frá Bauhaus og Rússlandi, þar á meðal eftir Fabergé. Sýningin var gríðarlega vinsæl og framlengd í fimm mánuði. „Þetta varð mjög vinsælt verkefni. Hver listamaður nálgast verkeið á algjörlega einstakan hátt. Útkoman er skákborð sem er fullkomlega nothæft en er jafnframt metnaðarfullur og vandaður skúlptúr.“

Einnig íslenskir listamenn

Aðrir erlendir listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Tracey Emin, Tunga, Maurizio Cattelan, Yayoi Kusama, Tom Friedman, Matthew Ronay, Alistair Mackie, Paul Freyer, Yoko Ono og Oliver Clegg. Íslenskir listamenn eiga einnig verk á *Skáklist*, Kunnir útitaflmenn Jóns Gunnars Árnasonar verða í vesturforsal og einnig má sjá verk eftir Kristján Guðmundsson, Steingrím Eytjörð og þá félagar Bjarna Þórarinsson og Guðmund Odd.

Ásmundur Ásmundsson sýnir verkið Holu í Hafnarhúsinu

Fjallar um ástandið

ÞETTA verk er ekki beint viðbragð við ástandinu,“ sagði Ásmundur Ásmundsson á Miklatúni í gærmorgun. Hann beið þar eftir vörubíl með krana, og átti að reyna að lyfta úr holu sinni steypuskúlptúr. Í Morgunblaðinu birtist mynd þar sem skólaborðin aðstoðuðu Ásmund við að grafa holu sem steypunni var hellt í. Nú var steypa orðin hörð og átti að flytja verkið í Hafnarhúsið, þar sem Ásmundur opnar sýningu í dag.

„Árið 2006 fékk ég fullt af krökkum með mér út í Viðey að grafa svona holu og reyndi að gefa borginni holuna. Þá var hluti af samningnum að þeir myndu taka mót af holunni; varðveita holuna og eiga mótið. Það gekk ekki. Ég held að fólk hafi litið á þetta sem brandara þá. En núna eru forsendur breyttar. Það er kominn áhugi á verkinu – og er túlkad sem hluti af ástandinu. Sem það auðvitað er.“

– Er verkið það sem kemur úr holunni eða allt ferlið?
„Ferlið er verkið. Kannski verður þetta bara hér á Miklatúni. Kannski útbý ég skilti eins og var gert þar sem Listaháskólinn átti að rísa, og segi hvað átti að gerast.“

Ég sýni eitthvað í Hafnarhúsinu – er með vélo, bæði börnin að moka og allt ferlið.“

Blessuð börnin moka

– Nú segja sumir að stórt verk þitt úr olíutunnum og steinsteypu, sem var æði undir í Keflavík og á Akureyri, sé hreinlega lykilverk á góðæristímanum.

„Já. Ég er 100% sammála. Það verk fjallaði um ástandið, og auðvitað þetta líka. En hefði ég gert það 2006 hefði ég ekki gert mér í hugarlund að það yrði svona óþægilega



Morgunblaðið/Einar Falur

Það tókst! Skúlptúr Ásmundar Ásmundssonar rís úr holu sinni. Listamaðurinn skefur það með skóflu.

viðeigandi. Að nota blessuð börnin til að moka.“

Skömmu síðar tókst að lyfta moldugum steypuklumpinum úr holu sinni, upp á bílpall. Hvort hann komst inn í Hafnarhúsið sjá gestir á sýningunni Hóla í kvöld.
efi@mbl.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

■ Í kvöld kl. 19.30

Trommur og dans

Hljómsveitarstjóri: Rumon Gamba
Einleikarar: Colin Currie og Pedro Carneiro

Farcis Poulenc: Les biches, balletsvíta
Áskell Másson: Crossings, konsert fyrir slagverk
Igor Stravinskíj: Petrúška

Tveir af fremstu slagverksleikurum samtímans mætast á þessum tónleikum og frumflytja nýjan konsert eftir Áskel Másson.

Vínafélagsskygning á Hótel Sögu kl. 18.00

■ Laugardagur 24. janúar kl. 17

Kristallinn -

Kammertónleikar í Þjóðmenningarhúsi

Fiðlur: Júlíana Elín Kjartansdóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir
Lágfiðla: Guðrún Þórarinssdóttir
Selló: Sigurgeir Agnarsson
Kontrabassi: Hávarður Tryggvason

Miðasala

S. 545 2500
www.sinfonia.is

Leoš Janáček -Stengjakvartett nr. 1
Antonín Dvořák -Stengjakvartett í G-dúr op. 7



AUGLÝSINGAÐEILD
netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111

